



Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

haldinn á Hótel Örk
1. nóvember 2024

1. Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur og Pétur Georg Markan frá Hveragerðisbæ sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Dagný og Pétur taka við stjórn fundarins og spyrja fulltrúa hvort athugasemdir séu varðandi boðun aðalfundar HSL og tímasetningu fundar. Engar athugasemdir bárust.

Fundarstjórar minna á fundarsköp að einungis aðalfundarfulltrúar hafi tillögu- og atkvæðisrétt.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Fundarstjórar leggja fram svohljóðandi tillögu kjörnefndar að kjörbréfanefnd.

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d. Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, flytur skýrslu stjórnar og kynnir stjórn sína og þakkar þeim fyrir ánægjulegt samstarf. Ræðir hún um störf HSL frá síðasta aðalfundi. Fer hún yfir verkefni og tengsl milli ríkis, sveitarfélaga og HSL.

Málin sem koma inn á borð hjá nefndinni eru margvísleg og má nefna, fráveitumál, sorpmál, tjaldgistingu, umhverfis- og skipulagsmál o.fl. einnig er mikið um umsagnir og leyfisveitingar.

Fer hún yfir fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlitsins. Í lok síðasta árs fór af stað vinna við útfærslu á að leggja niður heilbrigðiseftirlitin í núverandi mynd, fyrst var skipaður starfshópur sem skilaði skýrslu í Samráðsgátt, en sú skýrsla fór aldrei til umsagnar. Skipaður var stýrihópur í vor sem á að móta tillögu að útfærslum á eftirlitinu, sá hópur á að skila inn álitum fyrir lok árs.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ) hefur skilað inn ályktun með tillögum að breytingum til hópsins. Nú er bara að bíða og sjá hver niðurstaðan verður.

Ræðir hún um ófyrirsjáanlegan kostnað hjá eftirlitinu eins og varð eftir að upp kom hópsýking á hálendinu. Ekki var hægt að greina sýnin hérlendis og þurfti því að senda þau erlendis en kostnaður við það mun lenda á HSL þar sem sýkingin er innan þeirra svæðis. Hér áður fyrr var hægt að sækja endurgreiðslur af kostnaði við slíka rannsóknir í sérstakan sjóð sem var á vegum ríkisins, en það er ekki hægt lengur þar sem sjóðurinn var lagður niður.

Ræðir hún um vinnu við fjárhagsáætlun en ákveðið var að kalla saman þriggja manna rýnihóp sem saman stóð af sveitarstjórum á svæðinu til að fara yfir áætlunina. Var það í höndum Aldísar Hafsteinsdóttur sveitarstjóra Hrunamannahrepps, Antoni Kára Halldórssyni sveitarstjóra Rangárbings eystra og Braga Bjarnasyni bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar. Kom þau með ábendingar um atriði sem máttu betur fara og tekið var mið af. Ánægja var með þessa vinnu.

Það er gríðarleg uppbygging á Suðurlandi má þar nefna baðlón, hótél, smáhýsi-þyrpingar, veitingarstaðir, tjaldsvæði, hestaleigur og skipulagsmál innan sveitarfélaga. Öll þessu uppbygging og verkefni koma inn á borð hjá heilbrigðiseftirlitinu og verkefnunum fjölga stöðugt.

Sigrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri HSL tekur við og fer yfir fjölda ferðamanna og framboð gistaða. Þar má sjá að á Suðurlandi er mestur fjöldi af ferðamönnum í gistingu yfir landið.

Fer hún yfir hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Má þar nefna, reglubundið eftirlit, og leyfisveitingar, sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi einnig eru umsagnir til sýslumanna og sveitarfélaga ásamt fjölmörgu öðru.

Fer hún yfir fjölda skipulagsumsagna en framlög sveitarfélag þarf að standa undir þessum kostnaði.

Verkefni HSL heyra undir Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið og Matvælaráðuneytið. Heilbrigðisnefndir í landinu eru níu. Það þarf að koma á nothæfu eftirlitskerfi til að samræma eftirlitin í landinu. Ítrekar hún að hægt sé að sjá í ársskýrslu hvernig tilfærsla á verkefnum hefur orðið frá HES til ríkisstofnanna. Hún telur að það sé heppilegra er að styrkja eftirlitin núverandi mynd heldur en að leggja þau niður.

Á hálendinu er eftirlitsskyld starfsemi sem þarf að hafa eftirlit með. Það er mikilvægt að starfsmenn séu staðkunnugir bæði við eftirlit og við umsagnir. Svæðið sem heyrir undir HSL er rúmlega 24 þúsund km², sveitarfélögin eru 14. Samvinna er við skipulags- og byggingarfulltrúa, sýslumenn, lögreglu o.fl. Einnig er samstarf við SASS.

Ræðir hún um eftirlit með sund- og baðstöðum, þar er eftirlit með öryggi og heilnæmi baðvatns, hvort tveggja þarf að vera í lagi einnig þarf að passa upp á merkingar. Það eru komnar í rekstur þrjár laugar sem falla undir reglugerð 460/2015, í flokki I og II starfsleyfisskyldar einnig eru

fjölmargar laugar í undirbúningi á Suðurlandi, reglugerðin er mjög ónákvæm og er erfitt að fara eftir og framfylgja henni.

Það hafa orðið miklar framfarir í fráveituframkvæmdum, það er enn í gildi ríkisstuðningur við þær framkvæmdir og er um að gera að nýta sér það.

Úrgangsmál, það hafa verið fyrirferðarmikil. Ábendingar ESA varðandi frávik frá Evrópureglum. Það er bannað að urða úrgang og einnig hafa borist ábendingar um flutning á úrgagni í flokki 1. Það vantar söfnunarkerfi fyrir sjálfdauð dýr, en í undirbúningi er uppsetning á slíkri brennslustöð. Einnig ræðir hún um úrgang frá garðyrkju.

Sem betur fer hafa ekki verið náttúruhamfarir á starfsvæði HSL en þau þurfa að vera til taks þegar og ef þær koma upp. Ræðir hún um hópsýkingu á hálendi Suðurlands í sumar, það er tímafrekt að fara í fjallaskála og taka sýni og það er oft langt að fara. Taka þarf að taka sýni og í framhaldi að funda m.a. með sóttvarnarlækni o.fl.

Ræðir hún um veggjalús en það koma upp þess konar atvik á hverju ári. Það er skylda meindýraeyða að greina frá þess konar atvikum skv. nýju hollustuháttareglugerðinni, en ný reglugerð um hollustuhætti hefur tekið gildi nr. 903/2024, sumar af nýju reglunum tefja fyrir afgreiðslu á starfsleyfum í allt að 8. vikur.

Það er hlutverk HSL að fara í skipaskoðanir skv. reglugerð nr. 1655/2023 um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um hreinsun á lóðum og álímd bílflök ásamt því að hún sýnir myndir úr eftirlits ferðum og ræðir mikilvægi vatnsverndar. HSL er að taka þátt í ICEWATER verkefni við Þingvallavatn um vatnsverndarsvæði.

Að lokum ræðir hún um heimasíðu eftirlitsins en þau eru komin langt í stafrænni stjórnslu, þar má finna, þjónustugátt, auglýsingar, fundargerðir o.fl. Hún hvetur fundarmenn til að kynna sér heimasíðuna.

Pétur fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Lagt er til breyting á dagskrá og taka lið f fyrir, niðurstöðu kjörbréfanefndar. Er það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 64. Alls eru 38 aðalfulltrúar mættir og 3 varafulltrúar, 23 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

e. Tillögur heilbrigðisnefndar

Guðrún S. Magnúsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga Heilbrigðisnefndar Suðurlands flutt á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, 1. nóvember 2024

Efni: Tillaga um endurskoðun reikninga 2024

Tillaga til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 1. nóvember 2024 um ráðningu Pricewaterhouse Coopers (PWC) á Selfossi um endurskoðun reikninga.

Er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

g. Ársreikningur 2023

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2023. Rekstrartekjur ársins eru tæplega 183 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru tæplega 191 m.kr þar kom fram að fjármagnstekjur ársins eru tæplega 1,4 m.kr. rekstartap ársins er tæplega 6,7 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Ársreikningur er borinn undir atkvæði og samþykktur einn er á móti.

h. Tillaga að fjárhagsáætlun 2025

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2025.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 200 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 199 m.kr.

Lagt er til að framlög sveitarfélaga hækki um 3,5% milli ára.

Fundarstjóri gefur orðið laust, Jón Bjarnason tekur til máls.

Tillaga að fjárhagsáætlun er borin undir atkvæði og samþykkt, einn situr hjá.

i. Tillaga að gjaldskrá 2025

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 4,8% heildarhækkun.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt, einn situr hjá.

j. Launagreining og tillögur ráðgjafa

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlitsins sem haldinn var í Vík sl. haust var samþykkt að farið yrði í launagreiningu og niðurstaðan yrði kynnt á næsta aðalfundi.

Margrét Sanders kynnir niðurstöðu launagreiningar sem Strategía gerði fyrir HSL. Fór hún yfir greiningu, og niðurstöður og kom með tillögur.

Greining:

Farið var í að flokka störf HSL, hvert starf var metið í stigum og í samráði við framkvæmdastjóra. Skoðuð var hvort greidd séu sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og sannreynt persónuálag starfsfólks.

Niðurstöður:

Grunnlaunin eru í samræmi við starfaflokkun starfsfólks. Vel er haldið utan um menntunarálag starfsfólks samkvæmt kjarasamningi. Allt starfsfólk greidda fasta yfirvinnutíma vegna yfirvinnu, fæðispeninga og sem ígildi dagpeninga. Enginn munur er á milli almenns starfsfólks. Engar athugasemdir gerðar á launamun, óútskýrður launamunur er enginn.

Tillögur:

Ráðgjafi mælir með þeirri leið sem farin er að greiða fasta yfirvinnu fremur en dagpeninga yfirvinnu og fæðispeninga.

Ráðgjafi mælir þó með að eftirlit sé með umfangi ferða og vinnu hjá starfsfólki því mismunandi vinnuframlag er hjá starfsfólki sem er allt með sömu yfirvinnugreiðslu getur myndað launamun. Möguleiki er að vera með ítarlegri verkskráningum.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Jón Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir og Haraldur Þór Jónsson taka til máls.

k. Önnur mál

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

2. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

3. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, þakkar fyrir góðan fund og óskar fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 11:51.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.